

## 9. gr.

Svæðisstjórn heimilar vistun á sambýli að höfðu samráði við forstöðumann sambýlisins. Greiningarstöð ríkisins ber skylda til að veita aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað af viðkomandi svæðisstjórn eða forstöðumanni.

## 10. gr.

Íbúar sambýlis greiði allt að 80% af örorkubótum sínum í sameiginlegan rekstur sambýlis.

Rekstrarhalla sambýlisins greiðir ríkissjóður og sveitarsjóðir þannig að ríkið greiðir 85% en sveitarfélög 15%.

Gæta skal ýtrasta sparnaðar og hagkvæmni í rekstri sambýla.

## 11. gr.

Svæðisstjórnir og forstöðumenn sambýla skulu senda stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og félagsmálaráðuneytinu yfirlit um reksturinn á síðasta almanaksári, eigi síðar en fyrir lok febrúar árið eftir, ásamt rekstraráætlun fyrir það almanaksár sem hafið er.

Á miðju almanaksári skal forstöðumaður senda félagsmálaráðuneytinu yfirlit yfir reksturinn fyrstu sex mánuði ársins og horfur varðandi rekstrarkostnað á síðustu sex mánuðum ársins, ef breytingar eru fyrirsjáanlegar.

Forstöðumenn sambýla ásamt hlutaðeigandi svæðisstjórn skulu skila fjárveitingabeiðni ásamt greinargerð til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. maí ár hvert.

## 12. gr.

Leyfi til reksturs sambýla veitir félagsmálaráðherra skv. 16. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. og 31. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1982.*

**Svavar Gestsson.**

*Margrét Margeirsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að umferð um Þórunnarstræti skuli njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð úr Hrafnagilsstræti samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

*Bæjarfógetinn á Akureyri, 8. september 1982.*

**Elías I. Elíasson.**